Nr. 218 16. febrúar 2012

# REGLUGERÐ

**um gjaldtöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði.**

1. gr.

Gjaldtaka er heimil innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu, eftir því sem nánar er kveðið á um í 2. og 3. gr. Virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldi. Gistináttaskattur er innifalinn í gjaldi samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldstæði í tjaldi, fellihýsi, hjólhýsi eða húsbíl:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. | Almennt gjald | 1.200 |
| 2. | 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum | 600 |

Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjáls.

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. | Sturtugjald, eitt skipti | 400 |
| 2. | Rafmagn fyrir húsbíl, einn sólarhringur | 750 |
| 3. | Afnot af þvottavél, eitt skipti | 500 |
| 4. | Afnot af þurrkara, eitt skipti | 500 |
| 5. | Tjaldleiga, einn sólarhringur | 2.500 |
| 6. | Sértæk þjónusta við ferðamenn skv. beiðni, sem felur í sér sérstakt vinnuframlag af hálfu starfsmanna þjóðgarðsins og akstur | 10.000/klst. |
| 7. | Kynningarbæklingur | 150/stk. |

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um gjaldtöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði, nr. 428/2010, með síðari breytingum.

*Umhverfisráðuneytinu, 16. febrúar 2012.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*